

Bekkur: 9. bekkur

Námsgrein: Danska

Kennari: Eygló Pétursdóttir

Nemendur: 41 nemandi

Tíma fjöldi: 4 stundir á viku

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna dyr að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Góð kunnátta í einu norrænu tungumáli er lykill að hvaða svæði sem er á Norðurlöndunum og greiðir fyrir öllum samskiptum.

Með tungumálanámi er stefnt að því að nemendur öðlist hæfni til að nota tungumálið sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Stefnt er að því að nemendur nái að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum. Mikilvægt er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, setji sér markmið og meti eigin námsframvindu.

Dönskukennslu er skipt í 7 flokka: hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni. Til þess að tungumál nýtist sem best er mikilvægt að skilja talað mál og geta fylgt meginþræði í einföldum frásögnum. Nemendur verða einnig að geta lesið sér til gagns og ánægju einfalda texta af ýmsum gerðum og beitt til þess margvíslegum lestraraðferðum allt eftir eðli og tilgangi textans. Stefnt er að því að nemendur öðlist færni í að nota málið vandræðalaust í frásögnum og samskiptum þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota tungumálið á skapandi hátt í bæði töluðu og skrifuðu máli. Ætlast er til að nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum, nýti fyrri þekkingu sína og séu duglegir að nýta sér hjálpargögn þegar það á við.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Hlustun	Nemandi getur: - skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins, - hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum,	- Hlustunaræfingar eru unnar jafnt og þétt í samræmi við viðfangsefnin hverju sinni. Í vinnubókinni eru nokkrar hlustunaræfingar í hverjum kafla. - Ýmis fyrirmæli eru gefin á dönsku í kennslustundum bæði í tengslum við viðfangsefni tímans og almenn samskipti við nemendur, - Nemendur horfa á 2 bíómyndir yfir veturinn.	- Tvisvar sinnum yfir skólaárið fara nemendur í hlustunarpróf. - Unnið hugtakakort og skilað ritun eftir fyrri bíómyndina. - Unnið munnlegt verkefni eftir að búið er að horfa á seinni bíómyndina.
Lesskilningur	- skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum og brugðist við og fjallað um efni þeirra, - fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta sér í verkefnavinnu, - lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit, fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög, - nýtt sér miðla og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum.	- Í lesbókinni eru lesnir textar og verkefni unnin í tengslum við þá í vinnubókinni. - Einu sinni á hvorri önn lesa nemendur léttlestrarbók.	- Reglulega eru tekin kaflapróf úr efni les- og vinnubókar. - Eftir lestur léttlestrarbókar er unnið verkefni.
Samskipti	- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf, - notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal, - unnið í samvinnu við aðra,	Nemendur vinna ýmsar samtalsæfingar í tengslum við það efni sem unnið er með hverju sinni í lesbókinni.	Tvö munnleg próf/verkefni á skólaárinu.
Frásögn	sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin	- Reglulega lesa nemendur upp úr leiðarbókum eigin skrif. - Nemendur fara í tvö munnleg próf	Munnlegt próf þar sem nemendur fá tækifæri til að undirbúa sig með ákveðið

	skoðunum, - greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, mynda o.s.frv. - flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða með öðrum, - beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í þeirri vinnu sem tengist tjáningu,	úr fyrirfram ákveðnu efni. Nemendur vinna þemaverkefni um jólin í Danmörku sem þeir þurfa að flytja fyrir bekkinn.	efni. Kynning á þemaverkefni.
Ritun	- skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda, - samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. - beitt gagnrýnni hugsun við nýtingu miðla og upplýsinga, - unnið sjálfstætt og verið skapandi í þeirri vinnu sem fram fer,	- Nemendur skrifa reglulega í leiðarabók, aðallega í tengslum við það efni sem unnið er með hverju sinni í lesbókinni. - Í vinnubókinni koma fyrir verkefni þar sem nemendur þurfa að skrifa út frá ákveðnu efni. - Þemaverkefni um jólin í Danmörku þar sem allar upplýsingar koma fram á dönsku.	- Leiðarabók notuð í leiðsagnarmat. - Í kaflaprófum koma fyrir verkefni sem reyna á ritun. - Þemaverkefnið er metið út frá innihaldi og framsetningu. Við vinnu á verkefninu fá nemendur reglulega endurgjöf.
Menningarlæsi	- sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða í Danmörku og getur borið saman við eigin menningu, - sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika dönsku við íslensku eða önnur tungumál sem hann er að læra, - nýtt sér mismunandi miðla til að afla sér upplýsinga,	- Í hvert sinn sem tækifæri gefst við úrvinnslu námsefnisins eru nemendur spurðir eða þeim bent á skyldleika orða í dönsku við okkar eigið eða önnur tungumál. - Ákveðin atriði tekin fyrir varðandi menningu í Danmörku samhliða því efni sem unnið er með hverju sinni.	Umræður í tíma nýtast nemendum þegar kemur að verkefnavinnu hvort sem þau eru munnleg eða skrifleg.
Námshæfni	- beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf, - nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu,	- Nemendur vinna þemaverkefni um jólin í Danmörku þar sem þau beita bæði sjálfsmati og jafningjamati. - Nokkur ritunarverkefni eru unnin í leiðarabókina annað hvort í þörum eða hópum. - Nemendur hvattir til að nýta sér	- Þemaverkefni. - Sjálfsmat og jafningjamat notað sem leiðsagnarmat.

	• tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi, • unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námi, • nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. orðabækur, veforðasöfn og leiðréttingarforrit.	orðabækur bæði í bókaformi og á vefnum. Einnig er þeim bent á að nota leiðréttingarforritið á dönsku í ipadinum.	
Námsgögn: Smil les- og vinnubók Léttlestrarbækur Ítarefni frá kennara Orðabækur			
Námsmat: Námsmat felst annars vegar í leiðsagnarmati í formi munnlegra og skriflegra leiðbeininga og endurgjafa kennara, kannanna og fl. og hins vegar á lokamati. Lokamatsverkefni reyna á þá hæfni sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að lokinni innlögn og þjálfun. Kannað er hvort nemendur geti beitt þeirri þekkingu sem þeir hafa tileinkað sér af öryggi og með góðum skilningi, þ.e. sýnt fram á ákveðna hæfni. Námsmatshluti bekkjarnámskrárinnar verður unninn jafnt og þétt yfir skólaárið og munu upplýsingar um eðli og uppbyggingu námsmatsverkefna verða birtar á Mentor þegar þau verða lögð fyrir. Leiðsagnarmat byggist m.a. á kaflaprófum, ritunarverkefnum, jafningja og sjálfsmati, endurgjöf á vinnu nemenda o.s.frv. Lokamat byggist m.a. á kaflaprófum, hlustunarprófum, munnlegum prófum, þemaverkefni, verkefnaskilum að loknum bókmenntalestri og bíómyndaáhorfi o.s.frv.			